

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 982

**Dagsetning:** 9. maí klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Óskar Reykdalsson, Elínborg Bárðardóttir, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (sat fundinn undir öllum liðum öðrum en 3, 11 og 12), Ingibjörg Salóme Steindórsdóttir, Jónas Guðmundsson, Svava Kristín Þorkelsdóttir og Brjann Jónasson, sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** A. Þór Þórsson og Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 1. Sigurborg Jónsdóttir og Anna María Snorradóttir mannauðsráðgjafar sátu fundinn undir lið 3.

## I. Efni til kynningar

### 1. Stjórnendafræðsla

A. Þór Þórsson og Hanna Lind Garðarsdóttir mannauðsráðgjafar kynntu hugmyndir að starfsdegi, fræðslu og stefnumótunavinnu fyrir stjórnendum næsta vetur. Rætt var um að taka frá tvo daga hjá stjórnendum og skipuleggja hvernig megi nýta þá sem best.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Tillögur að fjarvinnustefnu

Sigurborg Jónsdóttir og Anna María Snorradóttir mannauðsráðgjafar kynntu tillögur að fjarvinnustefnu fyrir stofnunina.

### 4. Þjónustustýring bráðæringa

Forstjóri kynnti niðurstöður viðræðna við ráðuneytið og aðra um bráðþjónustu yfir sumartímann. Ákveðið var að fara í tilraunaverkefni milli 15. júní og 15. ágúst þar sem Upplýsingamiðstöð HH verður styrkt og notuð til að bóka inn á vaktir.

## II. Efni til umræðu

### 5. Ályktun aðalfundar Félags heilbrigðisgagnafræðinga

Tekin var fyrir ályktun aðalfundar Félags heilbrigðisgagnafræðinga þar sem ákvörðun HH um að nota ekki lögverndað starfsheiti heilbrigðisgagnafræðinga í stofnanasamningum var mótmælt. Áfram verður rætt við félag og stéttarfélag heilbrigðisgagnafræðinga til að reyna að komast að niðurstöðu sem allir geta sætt sig við.

## 6. Samningur um leghálssýnarannsóknir

Rætt um viðræður við Landspítalann um samning um rannsóknir á leghálssýnum.

## 7. ADHD-greiningar barna

Umræður um breytingar á samningi við Domus barnalækna um ADHD greiningarvinnu.

## 8. Samningur við Vinnumálastofnun

Rætt um að samningur við Vinnumálastofnun um heilbrigðisskoðun fyrir innflytjendur verði framlengdur til áramóta.

### III. Efni til afgreiðslu

#### 9. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 18. apríl 2023 og 2. maí 2023 ræddar.

*Niðurstaða: Fundargerð frá 2. maí samþykkt án athugasemda en afgreiðslu fundargerðar frá 18. apríl frestað.*

#### 10. Starfsmannamál

Rætt um að breytingar á heilbrigðisþjónustu í fangelsinu á Hólmsheiði.

*Niðurstaða: Samþykkt að auka stöðugildi tveggja hjúkrunarfræðinga úr 50 prósent í 100 prósent. Einnig ákveðið að senda erindi til heilbrigðisráðuneytisins um að þjónustan við fanga verði á fjárlögum í stað þess að HH þurfi að semja við Sjúkratryggingar Íslands um greiðslur fyrir þjónustuna.*

#### 11. Innkaupamál

Rætt um ýmis innkaupamál. Komið hafa fram hugmyndir um að keyptir verði lyfjagjafastólar á allar heilsugæslustöðvar. Þá var upplýst um að tími er kominn á að endurnýja sendibíl stofnunarinnar.

*Niðurstaða: Framkvæmdastjórn tekur jákvætt í að þær stöðvar sem þurfa geti keypt lyfjagjafastóla. Ákveðið var að endurnýja sendibíl og horfa til þess að kaupa rafmagnsbíl ef hægt er að finna bíl sem uppfyllir þarfir stofnunarinnar.*

### Önnur mál

#### 12. Starfspjálfun

Rætt um fyrirkomulag starfspjálfunar sálfræðinga, lækna og hjúkrunarfræðinga.